

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



Reykjavík 14. mars 2016  
UST201603-095/B.S.  
10.04.03

### Efni: Deiliskipulag – Búrfellsvirkjun. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu dags. 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Hér er um að ræða minniháttar breytingu á legu aðrennslisganga og staðsetningu munna aðkomuganga. Auk þess er ný staðsetning sprengiefnageymslu og gerð grein fyrir staðsetningu vantstaka í Sámsstaðaklifi.

Hér er um að ræða breytingar á stærð iðnaðarlóða og staðsetningu mannvirkja sem verða að líkindum ekki varanleg. Breytingin tekur til svæða sem hafa orðið fyrir áhrifum við fyrri framkvæmdir. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umræddar breytingar á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur